

Minnisblað vegna Fossatúns.

Til: Steinars Berg Ísleifssonar v/Fossatúns.

Frá: Réttur – Aðalsteinsson & Partners.

Efni: Er veiðifélagi Grímsár heimill veitingarekstur í veiðihúsi félagsins utan veiðitímabils ?

Dagsetning: 1. mars 2011.

Álitaefni:

Veiðifélag Grímsár hefur stundað veitingarekstur í veiðihúsi félagsins utan veiðitímabils í Grímsá. Sá rekstur er í beinni samkeppni við rekstur ferðaþjónustu sem landeigendur í Fossatúni hafa byggt upp og rekið undanfarin ár. Þar sem eigendum Fossatúns er skylt að eiga aðild að veiðifélagi Grímsár á grundvelli lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006, er álitaefnið það hvort veiðifélaginu sé heimilt að standa í samkeppnisrekstri í veiðihúsi félagsins utan veiðitímabils í Grímsá, sem að mati eigenda Fossatúns hefur valdið þeim tjóni, eða er veiðifélaginu slíkur rekstur óheimill þar sem hann sé ekki í samræmi við lögbundið hlutverk og verkefni veiðifélaga skv. áðurgreindum lögum.

Um lagagrundvöll og álit lagastofnunar Háskóla Íslands:

Fyrir liggur álitsgerð lagastofnunar Háskóla Íslands um eðli, réttarstöðu og heimildir veiðifélaga, frá janúar 2011, sem unnin var að beiðni Landssambands veiðifélaga. Þá gilda ákvæði lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006 um veiðifélög. Einnig gilda um veiðifélög ákvæði reglugerðar nr. 412/2007, um arðskrár veiðifélaga, og reglugerðar nr. 1024/2006, um starfsemi veiðifélaga. Einnig ber að líta til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkanlega 74. gr. Enn fremur koma ákvæði samkeppnisлага nr. 44/2005, og laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903 til skoðunar sem og reglur félagaréttar og skaðabótaréttar.

Samkvæmt 3. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006 er veiðifélag skilgreint sem félag allra veiðiréttarhafa í sama fiskihverfi, veiðivatni eða landsvæði, sbr. 38. gr., en í þeirri grein eru umdæmi veiðifélaga nánar skilgreind.

Samkvæmt 1. gr. laganna er markmið þeirra að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra. Í því skyni að ná þessum markmiðum er mönnum skyldt að hafa með sér félagskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi. Um þetta eru nánari reglur í 37. gr. laganna og er hlutverk veiðifélaga tíundað í 1. mgr. 37. gr. laganna og má ráða af því ákvæði að þau verkefni sem

veiðifélög skulu hafa með höndum varða með einum eða öðrum hætti fyrst og fremst verkefni sem þeim eru falin í lögnum og varða framkvæmd þeirra.

Líta verður svo á að veiðifélagi sé skylt að sinna öllum þeim verkefnum sem þarna eru talin upp, en athuga ber þó að þarna er ekki um tæmandi talningu verkefna að ræða.

Þegar skoðaðar eru heimildir veiðifélaga til að sinna öðrum verkefnum en beinlínis eru talin upp í lögnum verður að hafa ákvæði 74. gr. stjórnarskráinnar í huga þar sem fjallað er um rétt einstaklinga til að standa utan félaga. Með hliðsjón af því ákvæði ber að skýra ákvæði lax- og silungsveiðilaga þróngt. Því geta veiðifélög vart tekið að sér önnur verkefni sem ekki eru talin upp í lögnum nema að slík verkefni séu í nánum efnislegum tengslum við lögbundið hlutverk veiðifélaga.

Þá ber að gæta þess að veiðifélög eru fjárhagsleg persónuleg félög með beinni, ótakmarkaðri solidariskri ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins og út frá því þarf að meta með ströngum mælikvarða hvaða verkefni geta talist falla undir verksvið veiðifélags.

Í álini lagastofnunar Háskóla Íslands kemur fram að félagsmenn í veiðifélagi verði ekki skyldaðir að lögum til þátttöku í verkefnum sem ekki eru í nánum efnislegum tengslum við lögbundið hlutverk veiðifélagsins. Við mat á þessu verður að líta til tilgangs með veiðifélögum sem er í fyrsta lagi að vernda fiskistofna á félagssvæðinu og í öðru lagi hagsmunagæsla félagsmanna varðandi skiptingu á veiði og arðs af henni. Verkefni veiðifélaga verða því að vera til þess fallin að stuðla að þessum markmiðum og önnur verkefni myndu því ekki teljast í nánum efnislegum tengslum við lögbundin verkefni veiðifélaga.

Samkvæmt álini lagastofnunar HÍ er fjárfesting veiðifélaga í mannvirkjum og tækjum heimil sé hún gerð með hagsmuni félagsmanna að leiðarlíði og er fjárfesting í veiðihúsum talin falla þar undir, enda er hún almennt talin nauðsynlegur þáttur í hagkvæmri nýtingu veiðiréttar á viðkomandi veiðisvæði og er talið að einstakir félagsmenn í veiðifélagi geti ekki sett sig á móti ákvörðun félagsins um að reisa veiðihús í þeim tilgangi, en þó eru mörk á því hversu viðamikil slík fjárfesting má vera.

Umfangi starfsemi veiðifélags og verkefna þess verður að setja skorður í ljósi ótakmarkaðrar og solidariskrar ábyrgðar félagsmanna á féluginu. Verður að telja að ekki megi ganga lengra en nauðsynlegt er til þess að ná þeim tilgangi sem að er stefnt með hinni skyldubundnu starfsemi veiðifélaga skv. lögnum um lax- og silungsveiði og kemur m.a. fram í álini lagastofnunar HÍ að telja yrði óheimilt að semja við verktaka um að hann tæki að sér rekstur veiðihúss utan lögbundins veiðitíma ef gert er ráð fyrir að sarekstur væri í víðtækara mæli en leiðir af lax- og silungsveiðilögum.

Þá segir einnig í þessu álini að þar sem veiðifélög eru lögbundin félög sem byggjast á alveg sérstökum sjónarmiðum, sem m.a. eru áréttuð í tilgangsákvæði 1. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006, þá sé varhugavert að fullyrða að veiðifélagi sé heimilt að sinna öðrum

verkefnum en lögbundnum, jafnvel þótt allir félagsmenn væru því samþykkir. Þar af leiðandi verður að álykta að enn varhugaverðara sé þá fyrir veiðifélag að sinna öðrum verkefnum en lögbundnum ef einstaka félagsmenn hafa lýst sig andvíga því eða slík verkefni ganga í berhögg við einstaklega hagsmuni þeirra sjálfrar.

Í álti lagastofnunar Háskóla Íslands segir jafnframt að enginn vafi sé á því að samkeppnislög gildi um starfsemi veiðifélaga en þó með þeim takmörkunum sem leiða af lax- og silungsveiðilögum varðandi veiðifélög.

Samkvæmt 1. gr. samkeppnisлага nr. 44/2005 er markmið laganna að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins.

Markmiði þessu skal náð með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaðnum.

Samkvæmt lagastofnun HÍ miða samkeppnislög þannig við að veiðifélög stundi eftir atvikum í samkeppni innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í lax- og silungsveiðilögum. Engu breytir þótt veiðifélög séu lögbundin félög sem skylda menn til félagsskapar. Sú staða verður ekki ein og sér talin skekkja samkeppnisstöðu annarra aðila gagnvart veiðifélagi.

Þá skiptir heldur ekki máli hvort um er að ræða samkeppni við þriðja mann, sem stendur utan veiðifélags, eða félagsmann í veiðifélagi. Í þessu sambandi má nefna að í fjárhagslegum félögum, t.d. hlutafélögum, eru þess dæmi að einstakir hluthafar séu í samkeppnisrekstri við viðkomandi hlutafélag. Eignarhlutur viðkomandi hluthafa í hlutafélaginu breytir engu í þeim efnum.

Sem dæmi um hugsanlega andsamkeppnislega starfsemi veiðifélaga nefnir lagastofnun HÍ það ef veiðifélag gerði samninga, hvort heldur þeir eru bindandi eða leiðbeinandi, um verðsamráð við félagsmenn eða þriðja aðila um starfsemi sem teldist í samkeppni á viðkomandi svæði. Slík háttsemi raskar samkeppni og er almennt bönnuð samkvæmt samkeppnislögum.

Um skaðabótaskyldu veiðifélaga gagnvart einstökum félagsmönnum er lítið fjallað um í álti lagastofnunar HÍ.

Nánari umfjöllun:

Veiðifélögum hefur verið talið heimilt að reisa veiðihús og reka þau í tengslum við lögbundið hlutverk veiðifélaga, sem er að stýra veiði á félagssvæðinu og hámarka arð af þeirri veiði í þágu félagsmanna, en jafnframt tryggja vernd og sjálfbæra nýtingu fiskistofna á félagssvæðinu.

Veiðihús hafa verið reist og rekin um áratugaskeið innan vébanda veiðifélaga allt í kringum landið í því skyni m.a. að hámarka arð af veiði til hagsbóta fyrir alla félagsmenn í veiðifélagi

og samræmist þetta einnig því hlutverki veiðifélags sem fjárhagslegs félags að leitast við að hámarka arð af eign sinni.

Því hefur verið haldið fram, að það sé eðlilegur þáttur í nýtingu veiðihúss að hafa not og arð af því utan veiðitímabils. Slíkt má þó ekki fela í sér verulega aukna fjárhagslega áhættu fyrir veiðifélagið miðað við eðlilegan árlegan arð af veiðisvæðinu í heild.

Með sama hætti hefur verið vísað til þess að þar sem nýleg lög um lax- og silungsveiði frá árinu 2006 geyma ekki ákvæði um nýtingu veiðihúsa sem takmörkuðu þá nýtingu veiðihúsa sem lengi hefur tíðkast, þá verði ekki talið óheimilt að nýta þau í öðrum tilgangi utan veiðitímabils.

Fram hjá því verður hins vegar ekki litið að skylduaðild er að veiðifélögum og því verður að leggja strangan mælikvarða á heimild meirihluta félagsmanna í veiðifélagi til ráðstafana sem ganga gegn hagsmunum minnihluta félagsmanna. Slíkar ráðstafanir hljóta að verða að rúmast innan þess tiltölulega þrónga valdssviðs sem veiðifélögum er markað í lögum.

Í því tilviki sem hér er til skoðunar er því haldið fram að rekstur veiðihúss veiðifélags Grímsár utan veiðitímabils, með þeim hætti sem það hefur verið rekið að undanförnu, brjóti verulega gegn hagsmunum eigenda Fossatúns, sem unnið hafa að uppbyggingu ferðapjónustu og veitingareksturs á landareign sinni og sé jafnframt í beinni samkeppni við Fossatún. Eigendur Fossatúns staðhæfa að sýna megi fram á neikvæð fjárhagsleg áhrif rekstur þeirra.

Verði því að telja varhugavert að veiðifélaginu sé heimill rekstur og útleiga veiðihúss, sem ekki er í nánum og beinum tengslum við nýtingu veiðiréttar þeirra sem skyldugir eru til aðildar að féluginu. Með þessari „hámörkun arðs“ af rekstri veiðifélagsins eru möguleikar eigenda Fossatúns til að hámarka arð af einkaeign sinni skertir og þessi rekstur veiðifélagsins er jafnframt í samkeppni við rekstur þessa félagsmanns í veiðifélaginu sem á þess ekki kost að standa utan félagsins.

Samantekt:

Af lestri tittnefnds álíts lagastofnunar HÍ verður ekki séð að sjónarmið hagsmunaðila hafi verið dregin fram í dagsljósið og gerð sérstök skil. Af því leiðir að álítið tekur ekki af öll tvímæli um réttarstöðuna og þá mikilsverðu hagsmuni sem um er að tefla. Eigendur Fossatúns hafa samkvæmt öllu framangreindu ærna ástæðu til – og er jafnvel nauðsynlegt – að leiti eftir úrlausn dómkóðuna um þetta efni. Í slíku máli yrði því m.a. haldið fram að veiðifélagi sé eingöngu heimil útleiga og rekstur á veiðihúsi utan veiðitímabils sé slíkur rekstur sé ekki í samkeppni við annan rekstur félagsmanns á svæðinu. Til þess yrði vísað að þessa ályktun megi draga af því að allar heimildir veiðifélags til annarra verkefna en þeirra sem eru talin upp í lax- og silungsveiðilögum beri að skýra þróngt, þ.m.t. heimild til reksturs og útleigu veiðihúss utan veiðitímabils.

Að þessu sögðu ber þó auðvitað að vekja athygli á því að í slíku máli þarf að sanna tjónið og sýna fram á lögvarða hagsmuni, þ.e. ekki er unnt að höfða mál til þess eins að fá úr því skorið hvort reksturinn standist lög. Hætt er við að dómstólar myndu vísa almennu viðurkenningarmáli frá dómi með þeim rökum að lögspurningar verði ekki bornar fyrir dómstóla. Áður en ráðist verður í höfðun dómsmáls þarf því vandlega að útlista tjónið í krónum talið og setja það í beint og sannanlegt samhengi við þann rekstur sem stundaður hefur verið í veiðihúsinu. Um árangur í slíku dómsmáli verður ekki fullyrt fyrr en sá grundvöllur hefur verið skýrlega lagður.